

Ed.

320. Frumvarp til laga

[113. mál]

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. apríl.)

1. gr.

Ríkissjóður greiðir $\frac{1}{5}$ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10 1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl., svo og bráðabirgðaákvæði sömu laga, a-lið, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þó eigi lægri fjárhæð en 56 millj. króna á ári.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þennan hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftir á.

2. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs samkv. 1. gr. skal úthlutað til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 50% af niðurjöfnuðum útsvörum s. l. ár, sbr. þó 3. gr. d.

Fé því, sem ekki verður úthlutað, vegna ákvæða 1. mgr. þessarar greinar, um 50% hámarkið, skal varið til þess að greiða kostnað, sem fellur á Jöfnunarsjóð, samkv. ákvæðum 3. gr. laga þessara.

3. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

- a. Úthlutun samkvæmt 2. gr.
- b. Að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkv. III. kafla laga nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.
- c. Að leggja út greiðslur þær á milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögnum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir.
- d. Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör á lögð samkv. lögum um útsvör.
- e. Að styrkja, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga.

4. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, samkv. 2. gr., skal greitt þrisvar sinnum á ári fyrir 15. júlí, 15. október og 15. janúar.

Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

5. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um ýtarlega rannsókn á fjárreiðum sveitarfélags, sem þarfnast aukaframlags samkv. 3. gr. d.

Slíkt aukaframlag skal eigi veita fyrr en að lokinni rannsókn og eftir að teknar hafa verið til greina þær aðfinnslur, sem rannsóknin hefur gefið tilefni til.

Jafnan er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að sveitarfélag, sem hlotið hefur aukaframlag samkv. 3. gr. d., skuli sett undir eftirlit, samkv. IV. kafla laga nr. 90/1940.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 4. gr.

6. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs, sem vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga samkv. 2. gr., allar greiðslur samkv. 3. gr. svo og allar afgreiðslur á vegum sjóðsins.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

8. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjónartíðindanna.

9. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfrækslu sjóðsins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin ákvæði II. kafla laga nr. 67 12. apríl 1945, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og VII. kafla framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, um jöfnun framfærslukostnaðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við úthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði á árinu 1960, samkv. 2. gr. laganna, skal miða hámark framlagsins við niðurjöfnuð útsvör á árinu 1959, og má framlagið eigi vera meira en 35% af álögðum útsvörum 1959.